

Fundur 29.1.2024 Deng Ching Frá Kína, var uppi fyrir mörg hundruð árum.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Góða kvöldið.*

Hefur þjóð mín talað við ykkur áður og gott er að vita til þess að við erum hér á háu fjalli í glæsilegri stjörnusambandsstöð og erum við í góðu sambandi við framlífs hnetti ykkar kynstofns.

Og vildi ég endilega koma á framfæri nokkurri leiðréttingu hér í kvöld og segja ykkur nánar frá því sem gerst hefur hjá okkur.

Og segja ykkur frá því hversu margbrotinn og flókinn vefnaður lífsins er og hvernig ekki er hægt að fagna sigri of snemma og hvernig við erum í nánum tengslum við fjölmarga ættingja okkar á mörgum hnöttum og skiljum ekki að fullu hvað er að gerast og hvers vegna, en skiljum þó stundum ýmislegt.

Höfum við vandlega fylgst með því þegar okkar fólk hefur náð sambandi við ykkur og oft hefur það tekist vel að koma ýmsu í gegn, en okkar fræðimenn og áhugamenn um hin ýmsu málefni eru eins og þið, með misjafna hæfileika og mislagðar hendur.

Og nú gerðist það hjá okkur skömmu eftir að einn af okkar fólki lýsti því fyrir ykkur, hvernig hann teldi að betri tímar væru að renna upp.

Að ýmsir atburðir gerðust hér á okkar hnetti ekki góðir og jafnvel fleiri á öðrum hnöttum, þar sem mannkyn okkar og mannfélög eru blandaðri, ekki fullmótuð og ekki fullkomlega samstillt, heldur eru nær því sem þið kallið helstefnu hnetti og frumlífs hnetti.

Að þar komu fyrir ýmis atvik sem við bjuggumst ekki við og er það áhugavert að rekja þá perlufesti í réttari röð og finna örsakir og afleiðingar og erum við á fullu að vinna þá vinnu og spyrja spurninga og fá svör.

Og er það mjög áhugavert hvernig sólhverfi okkar fléttast saman eins og ykkar sólhverfi og stjörnuþokur og vetrarbrautir og hvernig lífið í þeim tengist innbyrðist.

Og er háð hvert öðru um líforku og magnan og kærleika og hvernig atvik á einum stað geta hrundið af stað öðrum atvikum án þess að unnt sé að útskýra það fullkomlega með þeim vísindalegu kenningum sem við höfum yfir að ráða.

En hefur okkur orðið nokkuð vel ágengt í að ná tökum á kröftum náttúrunnar og höfum við einnig náð nokkuð þokkalegum árangri í því að spá fyrir um atburði.

En helstefnu öflin koma inn eins og skrattinn úr sauðaleggnum og setja þær áætlanir úr skorðum og geta valdið atburðum.

Er ég þar að tala um jarðskjálfta og eldgos sem hafa orðið á okkar hnöttum einnig, og stríð og uppgot, þótt í litlu mæli sé.

Þar eru ákveðnir veikleikar fyrir hendi á hnöttum þeim, þar sem þjóðabrotin koma saman, mörg og ólík og friðurinn er brothættur og þarf lítið til að fari í háa loftið eins og sagt er hjá ykkur.

Og veit ég án þess að þurfa að fara út í það í smáatriðum að þið skiljið við hvað er átt.

Var einn af okkar mönnum hér á okkar hnetti með spá fyrir ykkur nýlega sem ekki gekk upp, hvað varðaði ykkar landsvæði, og þykir okkur það miður.

En eins og ég segi, þá er okkar fólk ekki fullkomið og er ég hræddur um að orkan fari minnkandi.

Gleður mig að ég gat komið í sambandið og hef ég þó ekki byrjað að útskýra það sem ég tel að sé framundan hjá ykkur.

Orkan fer minnkandi, kínverskur maður, hef ég einnig lagt stund á spádóma.

Erum við þakklát samt sambandinu við ykkur og teljum íslensku þjóðina eiga hlutverki að gegna í framtíðinni.

Var ég hrísgrjóna bóndi í frumlífi mínu fyrir margt löngu, mörg hundruð árum í Kína, nafn mitt er Deng Ching.

Þakka ég fyrir mig, verð ég nú að kveðja, vonandi kemst ég síðar, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir og vertu sæll.*